



Kópavogur 6. maí 2021

Minnisblað lagt fyrir bæjarráð – Okkar Kópavogur 2021-2023

Meðfylgjandi eru eftirfarandi gögn í verkefninu Okkar Kópavogur 2021-2023:

1. Erindisbréf kjörstjórnar Okkar Kópavogs
2. Erindisbréf matshóps A
3. Erindisbréf matshóps B
4. Verkefnislýsing fyrir verkefnið árin 2021-2023
5. Fylgiskjal sem undirstrikar helstu breytingar í verkefnislýsingu frá fyrri árum.

Bæjarráð er hér með beðið um að staðfesta fyrirliggjandi erindisbréf og verkefnisáætlun.

Virðingarfyllst,

Sigrún María Kristinsdóttir

Verkefnastjóri íbúatengsla



Fylgiskjal með Verkefnislýsingu Okkar Kópavogs 2021-2023

Verkefnið er að mestu sambærilegt því sem það hefur verið, eins og sjá má í meðfylgjandi Verkefnislýsingu 2021-2023. Til skýringar eru helstu breytingar frá fyrra skipulagi og áherslum taldar hér upp að neðan, sem og það sem ástæða er til að nefna að áfram verður unnið með. Nánar má lesa um verkefnisáætlunina í verkefnislýsingu sjálfri. Athugið að mannabreytingar eru ekki sérstaklega merktar.

1. Hverfaskipting – kafli 3

- a. Í fyrstu tveimur umferðum var Kópavogi skipt í fimm hverfi skv. Aðalskipulagi Kópavogs. Minnst þátttaka var þá í stærsta hverfinu, Digranesi. Í þriðju umferð verkefnisins var reynt hvoru tveggja að jafna út íbúafjölda í hverju hverfi og auka þátttöku, og var Kópavogi skipt í 9 skólahverfi og 8 þeirra sameinuð í 4. Þannig hélst fyrri skipting á Kársnesi, í Fífuhvammi og á Vatnsenda, en Digranesi var skipt í tvo hluta, annars vegar voru Snælandsskólahverfið og Álfhólsskólahverfið saman, og hins vegar var Kópavogsskólahverfið sameinað við Smáraskólahverfið. Tilraunin bar þó ekki tilætlaðan árangur, sem má sjá t.d. á þeirri staðreynd að eingöngu þrír íbúar mættu á hugmyndasöfnunarfund í Kópavogsskóla, þar af eingöngu tveir úr Kópavogsskólahverfi og enginn úr Smáraskólahverfi (sá þriðji var gestur úr öðru hverfi). Því er vikið frá þessari tilraun og lagt til að taka aftur upp hverfisskiptingu Aðalskipulags Kópavogs, og leggja sérstaka áherslu á auglýsingar í Digranesi og í Smárahverfi til að auka þátttöku íbúa þar.
- b. Áfram verður unnið með hámarksfjölda hugmynda, grunnupphæð á hverfi og að skipta upphæðinni sem út af stendur skv. höfðatölu í hverju hverfi.

2. Hugmyndasöfnun – íbúafundir – kafli 4

- a. Fer fram á fjögurra vikna tímabili í stað þriggja áður, 15. september til 13. október 2021.
- b. Áfram eru hugmyndir sem snúa að skólalóðum og umferðaröryggi jafngildar öðrum hugmyndum.
- c. Áfram unnið með að **allt að 20 hugmyndir** fari í kosningu í hverju hverfi, allt að sjö af íbúafundum, og 13 eða fleiri úr rafrænni kosningu. Ef ekki nást 20 gjaldgengar hugmyndir í einhverju hverfanna, fara færri í kosningu.
- d. Erfitt hefur reynst að fá góða þátttöku á suma íbúafundina. Reynt verður að bregðast við því með auknum auglýsingum.
- e. Lagt er til að fimm íbúafundir verði skipulagðir í raunheimum. Ef ekki reynist mögulegt, vegna aðstæðna í samfélaginu, að halda fundina í raunheimum verða þeir haldnir rafrænt. Ekki er þó lagt til að halda íbúafundina rafræna, þar sem um rafræna hugmyndasöfnun er að ræða.
 - i. Fyrir íbúa í Kársnesi þriðjudaginn 21. september.
 - ii. Fyrir íbúa í Digranesi fimmtudaginn 23. september.
 - iii. Fyrir íbúa í Fífuhvammi (Lindir og Salir) mánudaginn 27. september.
 - iv. Fyrir íbúa í Smárahverfi fimmtudaginn 30. september.
 - v. Fyrir íbúa í Vatnsenda þriðjudaginn 5. október.
- f. Íbúafundir skulu eftir sem áður koma sér saman um sjö hugmyndir sem þátttakendur vilja koma í kosningu og þrjár til vara. Stuðst verður við fjölda



atkvæða af fundinum á bak við hverja hugmynd sem fer áfram í kosningu. Virkja ber ákvæðið um að allt að 7 hugmyndir fara áfram og færri ef færri gjaldgengar hugmyndir nást eða ef mæting er slök miðað við mætingu á fundum í öðrum hverfum.

3. Bæjarráð þarf að samþykkja erindisbréf matshópa A og B – kafli 5

- a. Sjá erindisbréf matshópanna, meðfylgjandi.

4. Kosningar – kafli 6

- a. **Kosningar í 12 daga.** Lagt er til að kosningar standi yfir í 12 daga, að meðtöldum tveimur sunnudögum í byrjun árs 2022.
- b. **Aldurstakmark kosninga lækkað.** Lagt er til að aldurstafræði verði lækkað úr 16 ára á árinu niður í 14 ára á árinu, þ.e. börn sem eru í yngsta bekk elstu deildar grunnskóla, 8. bekk, fædd árið 2008 og eldri.
- c. **Notkun hjartans hætt.** Í fyrri umgöngum hefur reynst mögulegt að gefa hugmynd tvöfalt vægi. Þetta fyrirkomulag hefur reynst þungt í vöfum og fáir sem átta sig á því svo það hefur í raun skekkt niðurstöður kosninga. Því er lagt til að hætt verði við þennan möguleika og gefa þannig atkvæðum allra kjósenda sama vægi, burtséð frá því hvort þeir lesa smáa letrið eða ekki.

5. Bæjarráð þarf að skipa kjörstjórn – kafli 6.1

- a. Sjá Erindisbréf kjörstjórnar, meðfylgjandi.

6. Þýðingar yfir á ensku og pólsku – kafli 8

- a. Áfram verður unnið með kynningarefni á ensku og pólsku, en það mæltist mjög vel fyrir síðast.

7. Kostnaðaráætlun – kafli 9.2

- a. Kostnaðaráætlun er í tvennu lagi. Heildarkostnaður í framkvæmdir er óbreyttur frá því sem áður var, 100 milljónir árið 2022 og 100 milljónir árið 2023, samtals 200 milljónir.
- b. Lagt er til að umsýslu- og undirbúningskostnaður verði eftirfarandi:

	2016 án vsk.		2017-2019 án vsk.		2019-2021 án vsk.		2021-2023 án vsk.	
Útlistun	Áætlun	Raunkostn.	Áætlun	Raunkostn.	Áætlun	Raunkostn.	Áætlun	Raunkostn.
Markaðsefni	5,300,000	6,600,000	7,000,000	6,500,000	7,000,000	8,584,000	8,000,000	
Tölvukerfi	7,600,000	3,600,000	5,000,000	5,400,000	6,000,000	5,711,000	6,000,000	
Aðkeypt þjónusta, ráðgjöf o.fl.		600,000	2,000,000	1,900,000	2,500,000	700,000	3,500,000	
Annað	500,000	100,000	500,000	50,000	500,000	100,000	500,000	
Samtals	13,400,000	10,900,000	14,500,000	13,850,000	16,000,000	15,095,000	18,000,000	
% af kostnaði framkvæmda	13,4%		7,2%		8%		9%	

Virðingarfyllst,

Sigrún María Kristinsdóttir
Verkefnastjóri íbúatengsla